

## Bono og Davíð

### Áhrif Davíðssálma á texta hljómsveitarinnar U2

#### Inngangur

Þekkt er að í textum írsku rokkhljómsveitarinnar U2 er mikið af trúarstefjum og trúarlegum vísunum. Bono eða Paul David Hewson, söngvari hljómsveitarinnar, er höfundur flestra textanna og hann hefur í viðtölum tjáð sig um áhrif kristinnar trúar á líf sitt og mótun. Mörg dæmi eru um vísanir í biblíusögur í textum Bonos og Davíð og sálmarnir, sem við hann eru kenndir í Biblíunni, virðast í sérstöku uppáhaldi hjá honum. Í þessari grein eru áhrif Davíðssálma á kveðskap Bonos skoðuð og leitað svara við því hvers vegna og með hvaða hætti svo fornir sálmar hafa áhrif á texta rokkstjörnu og réttindabaráttumanns í nútímanum. Niðurstöðurnar verða síðan ræddar í ljósi túlkunarheimspeki Hans Georg Gadamer og umræðu hans um áhrifasögu, túlkunaraðstæður og samruna sjóndeildarhringanna.<sup>1</sup>

Samkvæmt Gadamer er það í gegnum tungumálið sem við skiljum veröldina og okkur sjálf og við getum ekki skilið okkur sjálf öðruvísi en sem staðsett í sögulegri menningu sem miðlað er með tungumálinu. Það hefur áhrif á hvernig við skiljum menningu, list og sögulega texta. Þetta er hluti af okkar eigin hefð og mætir okkur þess vegna ekki á hlutlausan hátt. Söguleg verk eru hluti af þeim sjóndeildarhring sem við lifum í og þau hafa því mótað okkur jafnvel áður en við höfum átt kost á að mæta þeim. Hefðin hefur þannig sífelld áhrif og skapar þann ramma sem túlkunin á sér stað inni í, hún er alltaf hluti af okkur. Gadamer talar um áhrifasögu (þ. Wirkungsgeschichte) í þessu sambandi og telur að þegar við reynum að skilja söguleg fyrirbæri séum við þegar mótuð af áhrifasögunni. Það sem skiptir máli er að við viðurkennum að áhrifasagan hefur áhrif á skilning okkar, hvort sem við erum meðvituð um það eða ekki. Samkvæmt Gadamer er hin áhrifasögulega vitund þáttur í skilningsferlinu og þess vegna er hún fyrst og fremst vitund um túlkunaraðstæðurnar. Hann bendir á að eitt þeirra hugtaka sem öðru fremur tilheyrir aðstæðunum sé hugtakið sjóndeildarhringur (þ. Horizont). Samkvæmt honum er sjóndeildarhringurinn röð sýna sem fela í sér allt það sem séð verður frá tilteknum sjónarhóli. Ef öll merking er háð samhenginu felur skilningur ekki í sér samband milli einstaklings (þ. Subjekt) og viðfangs (þ. Objekt) heldur samband milli sjóndeildarhringa. Gadamer álitur að skilningur á hefðinni krefjist sögulegs sjóndeildarhrings en það felur ekki í sér að við opnum þann sjóndeildarhring með því að staðsetja okkur í þeim sögulegu aðstæðum eða flytjum okkur til framandi heima sem eru ekki í neinu sambandi við okkar eigin. Í staðinn mynda þessir heimar þann eina sjóndeildarhring sem felur í sér hina sögulegu dýpt sjálfsvitundar okkar og nær út fyrir takmörk samtíðarinnar. Sjóndeildarhringur

<sup>1</sup> Hans G. Gadamer, *Truth and Method*. (English translation of *Wahrheit und Methode*), New York: Continuum Publishing Company, 1960/1996.

samtíðarinnar þarfnast hins liðna til að verða til. Niðurstaða Gadamers er sú að hvorki sé um að ræða aðgreindan sjóndeildarhring samtíðarinnar né sjóndeildarhringi fortíðarinnar til að staðsetja sig í. Skilningur á sér alltaf stað í samruna sjóndeildarhringanna (þ. Horizontverschmelzung). Þar sem tiltekin hefð ríkir á samruninn sér sífellt stað, gamalt og nýtt vex látaust saman í eitthvað sem hefur lifandi gildi, án þess að unnt sé að setja annað fram fyrir hitt á nokkurn skýran hátt. Þetta ferli er stöðugt og lýkur aldrei. Það felur í sér flókið samtal milli hins liða og hins núverandi, milli túlkandans og hefðarinnar, að endurtúlka stöðugt innan ramma hefðarinnar.<sup>2</sup>

Þessi hugsun er gagnleg þegar fengist er við áhrifasögu biblíutexta. Við höfum í höndum hina fornu texta og sjóndeildarhring þeirra, hefðin hefur fært okkur tiltekna túlkun eða skilning, sjóndeildarhring sem við meðvitað eða ómeðvitað höfum meðtekið og síðan eigum við sjálf okkar eigin sjóndeildarhring sem mótast í þeim aðstæðum sem við túlkum viðkomandi texta í. Í því túlkunarferli renna sjóndeildarhringirnir saman. Þegar textar Bonos eru skoðaðir má sjá að þeir eru sumir hverjir dæmi um áhrifasögu biblíutexta um leið og þeir verða til í túlkunaraðstæðum sem mótast af ákveðinni hefði og félagslegu samhengi. Þannig fela þeir í sér samruna ólíkra sjóndeildarhringa.

## Bono og Davíðssálmar

Töluvert hefur verið fjallað um U2 og áhrif kristinnar trúar á texta hljómsveitarinnar.<sup>3</sup> Algengast er að fjalla almennt um áhrif trúar og biblíutexta á hljómsveitina og hvernig þau birtast í einstökum textum. Dæmi eru þó um að afmörkuð stef séu tekin til umfjöllunar, svo sem spámannlegar áherslur í textum U2<sup>4</sup> eða að valdir textar Bonos hafi verið bornir saman við Davíðssálma eða aðra tiltekna biblíutexta.<sup>5</sup> Þá eru dæmi um að prédikað hafi verið út frá textum U2.<sup>6</sup> Ég hef áður fjallað um U2 og meðal annars skoðað trú og efa og trúarlegar vísanir í textum hljómsveitarinnar og hvernig örvænting og von birtist í nokkrum textum Bonos.<sup>7</sup> Hér verður, eins og áður segir, athyglinni beint sérstaklega að áhrifum Davíðssálma á kveðskap Bonos. Skoðað verður, með hjálp túlkunarheimspeki Gadamers, hvers vegna og með hvaða hætti þeir hafa haft þau áhrif á texta hans sem raun ber vitni.

Til að átta sig á túlkunaraðstæðum Bonos er nauðsynlegt að huga fyrst að bakgrunni hans og uppvesti. Davíðssálmarnir eru hluti þeirrar trúararfleifðar sem Bono ólst upp við á Írlandi. Hann fæddist í Dublin 10. maí árið 1960 og ólst upp í „blandaðri fjölskyldu“, þ.e. faðir hans var kaþólskur en móðirin mótæmleikatrúar. Þau höfðu alist upp í sömu götu, neituðu að láta spennuna milli trúarhópanna skilja sig að og giftu sig þrátt fyrir mikla

<sup>2</sup> Sama rit, bls. 300–337.

<sup>3</sup> Sjá t.d. Christian Scharen, *One Step Closer: Why U2 Matters to Those Seeking God*, Grand Rapids, Michigan: Brazos Press, 2006; Greg Garrett, *We Get to Carry Each Other: The Gospel According to U2*, Louisville, Kentucky: Westminster John Knox Press, 2009; Steve Stockman, *Walk On: The Spiritual Journey of U2*, Orlando: Relevant Media Group, 2005.

<sup>4</sup> Steven R. Harmon, „U2: Unexpected Prophets“, *Christian Reflection: Singing Our Lives, A Series in Faith and Ethics*, ritstj. Robert B. Kruschwitz og Heather Hughes, Waco, Texas: Baylor University, Institute for Faith and Learning, 2006, bls. 81–88.

<sup>5</sup> Bill Goodman, „Assured Lament: U2 Sing the Psalms“, *Relegere: Studies in Religion and Reception*, 1/2012, bls. 109–132.

<sup>6</sup> Raewynne Whiteley and Beth Maynard (ritstj.), *Get Up Off Your Knees: Preaching the U2 Catalog*, Cambridge Massachusetts: Cowley Publications, 2003.

<sup>7</sup> Gunnar J. Gunnarsson, „U2 — Týndist hugsjónin í umbúðum? Trú og efi í textum U2“, *Bjarmi* 5/1997, bls. 10–15; Gunnar J. Gunnarsson, „All That You Can't Leave Behind. Kristín trúarstef á nýrri plötu U2“, *Bjarmi* 5/2000, bls. 26–27; Gunnar J. Gunnarsson, „Trúarstef í dægurtónlist. Örvænting og von í fáeinum dægurlagatextum í samanburði við nokkra sálma í Sálmbók íslensku kirkjunnar“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 17/2003, bls. 65–97.

andstöðu. Á þessum tíma var gengið út frá því á Írlandi að börn í blönduðum fjölskyldum hlytu kaþólskt trúaruppeldi en mótmælendur voru innan við 10% íbúa landsins. Þrátt fyrir það fór móðir Bonos með hann og eldri bróður hans í messu í mótmælendakirkjunni í Dublin á sunnudögum meðan faðir hans fór í kaþólsku kirkjuna. Bono dáist að föður sínum fyrir þetta og segir að hann hafi ekki látið sér allt fyrir brjósti brenna úr því að hann bar slíka virðingu fyrir mótmælendatru eiginkonu sinnar.<sup>8</sup> Þó að guðsþjónusturnar hafi ekki höfðað mikið til Bonos segist hann hafa elskað biblíusögurnar, ekki bara úr Nýja testamentinu, heldur einnig úr því Gamla. Þetta voru átakasögur með alvöru fólki, blóði og hreysti.<sup>9</sup> Sögurnar af Davíð í Gamla testamentinu hafa verið þar á meðal og heillað hann. Þetta hefur sett mark sitt á hann ásamt þeirri spennu sem ríkti milli kaþólskra og mótmælenda á Írlandi.

Á upphafsárum U2 voru Bono og tveir félagar hans í hljómsveitinni töluvert mótaðir af kristinni trú á skólaárum sínum í Mount Tempel High School. Skólinn var á þessum tíma merkilegur fyrir þær sakir að vera fyrsti skólinn á hinu kaþólska Írlandi sem var óbundinn kirkjudeild. Skólinn laðaði til sín framsækna og skapandi kennara sem flestir höfðu opna afstöðu gagnvart kirkju og kristni. Skólinn reyndist Bono mun afslappaðra umhverfi en fyrri skólar og vakti áhuga hans á sögu og listum. Í skólanum voru daglegar morgunbænir og kristin trúaráhrif meðal nemenda voru töluverð.<sup>10</sup> Bono var leitandi á þessum árum að stefnu í lífinu, hafði ýmsar efasemdir um hefðbundnar trúarkenningar og sýndi ólíkum trúarbrögðum áhuga. Í leit sinni fór hann ásamt félögum sínum The Edge (David Howell Evans) og Larry Mullen Jr. að sækja samkomur hjá kristilegum samtökum sem kölluðu sig Shalom.<sup>11</sup> Það ásamt andrúmsloftinu í Mount Temple-skólanum virðist hafa haft áhrif á hann og kristin trúarsannfæring setur mark á texta Bonos frá þessum tíma. Sem dæmi má nefna að Bono missti móður sína aðeins 14 ára gamall og minnst hann þess m.a. í texta lagsins *Tomorrow* af plötunni *October* sem kom út 1981.<sup>12</sup> Það þarf ekki að skoða textann lengi til að sjá að þar eru kristin trúarstef ráðandi.

Ljóst er að Bono hefur komist snemma í kynni við Davíðssálmana og hann hefur oft greint frá því í viðtölum og víðar hvernig þeir heilluðu hann. Hann ritar t.d. formálann að kiljuútgáfu Canongate Books á Davíðsálmunum sem kom út árið 1999.<sup>13</sup> Þar líkir hann Sálmunum meðal annars við „blús“ eða tregatónlist samtímans og kallar Davíð Elvis Biblíunnar. Hann lýsir honum sem „rokkstjörnu“, sem þrátt fyrir þrá sína eftir völdum, löngun eftir konum og ástríðu fyrir lífinu, bjó yfir hógvæð þess sem þekkir mörk hæfileika sinna og leggur því enn meira á sig en ella. Bono minnir á að Davíð hafi jafnvel dansað hálfnakinn fyrir framan hersveitir sínar og telur að hann hefði líklega verið betri á sviði en í pólitík. Í formálanum að Davíðsálmunum segir Bono m.a.:

<sup>8</sup> Laura Jackson, *Bono: The Biography*, London: Piatkus, 2001, bls. 3–4; Bono, The Edge, Adam Clayton, Larry Mullen and Neil McCormick, *U2 by U2*, London: Harper Collins Publishers, 2006, bls. 17.

<sup>9</sup> Bono, „Introduction“, í *The Book of Psalms, with an Introduction by Bono*, London: Canongate Books, 1999, bls. x.

<sup>10</sup> Laura Jackson, *Bono*, bls. 3–5; Steve Stockman, *Walk On*, bls. 15.

<sup>11</sup> Laura Jackson, *Bono*, bls. 16–17; Steve Stockman, *Walk On*, bls. 16–18.

<sup>12</sup> *Tomorrow*, sótt 18. febrúar 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/147/>.

<sup>13</sup> Bono, „Introduction“, bls. vi–xiii.

Þegar ég var 12 ára var ég aðdáandi Davíðs. Hann vissi að hann var frægur, líkt og poppstjarna býr yfir vitund um að vera fræg. Sálarnir voru ekki síður skáldlegir en trúarlegir og hann var stórstjarna — stórbrotin persóna vegna þess að áður en Davíð gat uppfyllt spádómana og orðið konungur Ísraels varð hann að þola ýmislegt. Hann var neyddur í útlegð og endaði í fylgsni á afskekktum stað þar sem hann þurfti að horfast í augu við eigið egó brota saman og að vera yfirgefinn af Guði. En það er þarna sem sápuóperan verður áhugaverð. Þarna er sagt að Davíð hafi samið sinn fyrsta sálm — sálm sem er blús.<sup>14</sup> Þess vegna líkar mér svo vel við marga sálmana — þeir eru blús. Maður hrópar til Guðs: „Guð minn, Guð minn! Hví hefur þú yfirgefið mig? Ég hrópa en hjálp mín er fjarlæg“ (Slm 22).<sup>15</sup>

Bono gerir sér grein fyrir að það sé ekki ljóst hve margir, ef nokkrir, af sálmunum séu í raun eftir Davíð. En það skiptir ekki máli að hans mati, rétt eins og það skipti hann ekki máli hverjir sömdu lögin sem Elvis söng, hann keypti Elvis, ekki lagahöfundana.<sup>16</sup> Hann segist heyra enduróm hinna fornu harmljóða Davíðssálmnafnsins í ýmsum tregafullum söngvum blústónlistarmanna samtímans. Síðan segir hann:

Að vera yfirgefinn, hrakinn burt í útlegð, er uppáhaldsefnið mitt í Sálmunum. Saltarinn getur verið uppspretta trúartónlistar en í mínum huga er það í örventingunni sem sálmaskáldið opinberar eðli sambands síns við Guð. Hreinskilni, jafnvel reiði: „Hversu lengi, Drottinn, ætlar þú að dyljast?“ (Slm 89). „Heyr þú hróp mitt, því að til þín bið ég“ (Slm 5).<sup>17</sup>

Í nýlegu viðtali, þ.e. frá 25. júní 2013, ræðir Jim Daly, stjórnandi útvarpsþáttarins Focus on the Family, við Bono og spyr hann meðal annars út í Davíðssálmana og þar slær hann á svipaða strengi.<sup>18</sup> Augljóst er af orðum hans að það eru harmljóðin sem öðrum fremur höfða til hans.

Þriðju plötu U2, *War*, sem kom út árið 1983, lýkur á lagi sem ber titilinn „40“ og er textinn sóttur í Sálm 40. Í formálanum að Davíðssálmunum segir Bono frá því að þeir félagar í hljómsveitinni hafi aðeins átt 40 mínútur eftir af hljóðverstímanum sem þeir höfðu til umráða og þá hafi vantað texta við lag til að ljúka plötunni með. Þeir hafi viljað setja eitthvað andlegt í lokin til að skapa jafnvægi við hina pólitísku og rómantísku tóna plötunnar. Þá hafi þeir hugsað til Sálmana — Sálms 40. Síðan segir hann:

Sálmur 40 vísar til þess þegar náðin tekur við af karma og kemur í stað strangra laga Móse (þ.e. uppfyllir þau). Sú hugsun er mér kær. Davíð, sem hafði framið verk bæði í mestu sjálfelsku og af mikilli ósérhlífni, var háður náðinni. Hér áður fyrir var það áfall fyrir mig að ritningarnar eru fullar af svikum, hugleysingjum, hörkórulm og liðhlaupum. Nú er það mér til mikillar hughreystingar.<sup>19</sup>

Bono hefur við ýmis tækifæri rætt um náðina og telur hana fela í sér hugsun sem breytti heiminum, svo vísað sé til texta lagsins *Grace* á plötunni *All That You Can't Leave Behind* frá árinu 2000.<sup>20</sup> Í viðtalsbókinni Bono on Bono segir hann um þetta efni:

Þungamiðja allra trúarbragða er karma. Það sem þú gerir snýr aftur til baka; auga fyrir auga, tönn fyrir tönn [...]. Mér virðist karma vera í þungamiðju alheimsins. Ég er viss um það. En þrátt fyrir það kemur þessi hugsun sem við köllum náð og hún snýr öllu á hvolf, öllu þessu „þú uppskerð eins og þú sáir“ og því um líku. Náðin býður bæði skynsemi og rökum birginn. Kærleikurinn rýfur afleiðingarnar af gjörðum þínum sem í mínu tilviki eru mjög góðar fréttir því ég hef gert margt heimskulegt.<sup>21</sup>

Af ofansögðu má draga þá ályktun að áhrif Davíðssálmana á Bono eigi sér rætur í bakgrunni hans, uppeldinu í Dublin þar sem hann kynntist biblúsögunum og heillaðist af

<sup>14</sup> Hér er Bono líklega með í huga Sálm 18, sjá innganginn að sálminum í v. 1.

<sup>15</sup> Bono, „Introduction“, bls. vii–viii.

<sup>16</sup> Sama rit, bls. xii.

<sup>17</sup> Sama rit, bls. viii.

<sup>18</sup> *Focus on the Family Daily* 25.06.13, sótt 18. febrúar af

[http://www.focusonthefamily.com/popups/media\\_player.aspx?MediaId={6F96A92A-F22B-48B7-B32D-CD265B797C45}](http://www.focusonthefamily.com/popups/media_player.aspx?MediaId={6F96A92A-F22B-48B7-B32D-CD265B797C45}).

<sup>19</sup> Bono, „Introduction“, bls. xi.

<sup>20</sup> *Grace*, sótt 19. febrúar 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/53/>.

<sup>21</sup> Michka Assayas, *Bono on Bono. Conversations with Michka Assayas*, New York: Riverheads Books, 2005, bls. 203–204.

Davíð sem stórstjörnu. Spennan milli kaþólskra og mótmælenda hafði mikil áhrif á hann, honum fannst hann vera með fætur í herbúðum beggja og hann segir að sá Goliát, sem hann glímdi við, hafi verið trúarbrögðin sem skiptu samfélaginu þar sem hann ólst upp í tvennt.<sup>22</sup> Það er því ekki að undra þótt harmljóð Sálmannna hafi heillað hann, einkum þau þar sem Guð er ákallaður án þess að hann virðist heyra eða svara. Samsömunin við Davíð er áhugaverð, hvernig hann líkir honum við rokkstjörnu sem hreykir sér upp í vaxandi frægð sinni en þarf í næstu andrá að horfa á eigið egó brotna niður og flýja, yfirgefinn af Guði. Af þeim sökum verður náð Guðs, eins og hann sér hana í Sálm 40 og víðar, hinn meginþátturinn sem Bono heillast af, að Guð taki að sér þá sem standast ekki mælikvarða hvers kyns lögmáls og eiga sér enga von nema náð Guðs.

Frá og með plötunni *War* urðu U2 og textar Bonos pólitískari en á fyrstu tveim plötum hljómsveitarinnar. Ekki þannig að hann og félagar hans í hljómsveitinni hafi ýtt trúarlegum málefnum eða áherslum út af borðinu heldur má segja að augu þeirra hafi opnast með nýjum hætti fyrir afleiðingum trúarinnar. Ef til vill hefur það gerst smám saman vegna tónleikaferðalaga þeirra um heiminn.<sup>23</sup> Bono áréttaði þetta í viðtali árið 1988 með orðunum: „Fyrir mér er trú á Jesú Krist sem ekki stendur með félagslegu réttlæti — sem ekki stendur með fátækum — einskis virði.“<sup>24</sup> Í sama viðtali segir hann að uppáhaldssetningin hans í bæninni „Faðir vor“ sé „Tilkomi þitt ríki, verði þinn vilji svo á jörðu sem á himni“ (Mt 6.10). „Ég vil þetta allt og ég vil það nú. Himnaríki á jörð — núna — fáum eitthvað af því nú.“<sup>25</sup> Það er því ekki tilviljun að sum af vinsælustu lögum hljómsveitarinnar fjalli um eða séu tileinkuð mannréttindafrömuðum, svo sem Martin Luther King (*Pride — In the Name of Love*)<sup>26</sup> og Aung San Suu Kyi (*Walk On*)<sup>27</sup>, og að hljómsveitin hafi samið lagið *Ordinary Love*<sup>28</sup> til heiðurs Nelson Mandela í kvikmyndinni *Long Walk to Freedom*. Reynsla Bonos í uppvestinum í blandaðri fjölskyldu og af spennunni á Írlandi, þar sem heimilið var jafnvígt á báða bóga, bæði trúarlega og pólitískt,<sup>29</sup> leiddi til þess að hann hefur ætíð tekið afstöðu gegn ofbeldi og hann hefur því bæði í heimalandinu og annars staðar barist fyrir sáttum og friði. Jafnframt hefur hann helgað sig baráttu fyrir mannréttindum og réttlæti. Aðkoma hans að samtökum á borð við ONE, (RED) og DATA<sup>30</sup> og Jubilee 2000 átakinu eru til vitnis um það þar sem barist er gegn fátækt, sjúkdómum og ranglæti, einkum í Afríku, og fyrir niðurfellingu skulda fátækustu ríkja heims.

Þessi tengsl trúar og félagslegs réttlætis hafa verið einkennandi fyrir U2 um langt skeið og segja má að tónleikar hljómsveitarinnar séu oft eins konar blanda af rokkónleikum, trúarsamkomu og baráttufundi. Í tónleikaferð U2 upp úr aldamótunum síðustu, sem kallaðist *The Elevation Tour*, hafði Bono það fyrir venju að vitna í Davíðssálm á undan laginu *Where the Streets Have No Name*<sup>31</sup>, af plötunni *The Joshua Tree*. Samkvæmt frásögn Bonos varð það kveikjan að laginu þegar honum var sagt að í Belfast á Norður-Írlandi

<sup>22</sup> Bono, „Introduction“, bls. x.

<sup>23</sup> Steve Stockman, *Walk On*, bls. 35.

<sup>24</sup> Liam Mackey, „I Still Haven't found What I'm Looking For,“ (*Dublin*) *Hot Press*, December 1988, sótt 7. mars 2014 af <http://www.hotpress.com/music/interviews/I-STILL-HAVEN-T-FOUND-WHAT-I-M-LOOKING-FOR/551940.html>.

<sup>25</sup> Sama rit.

<sup>26</sup> *Pride — In the Name of Love*, sótt 20. febrúar 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/106>.

<sup>27</sup> *Walk On*, sótt 7. mars 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/147>.

<sup>28</sup> *Ordinary Love*, sótt 15. apríl 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/585/>.

<sup>29</sup> Bono, et al., *U2 by U2*, bls. 17.

<sup>30</sup> Sjá: <http://www.one.org/international/>; <http://www.red.org/en/>; <http://data.d202.org/>.

<sup>31</sup> *Where the Streets Have No Name*, sótt 21. febrúar 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/168>.

væri hægt að sjá það út frá heimilisfanginu hvort fólk væri kaþólskt eða mótmælendur, hvaða stétt það tilheyrði og hvernig efnahagur þess væri. Um leið vísar textinn til þeirrar andstæðu sem blasti við Bono og Ali, eiginkonu hans, þegar þau heimsóttu þurrka- og hungurssvæði í Eþíópíu árið 1985 og lýsir því ástandinu þar en getur um leið átt við hvaða stað eða aðstæður sem er.<sup>32</sup> Á undan flutningi lagsins í áður nefndri tónleikaferð gerði Bono jafnan bæn sína með vísan til orða úr Sálmi 116<sup>33</sup> og það er athyglisvert að upphaf sálmsins er býsna samhljóma upphafi Sálms 40. Orðin sem Bono vitnaði til eru hins vegar vers 12–14. Hann byggði á þar útgáfu Biblíunnar sem Eugene Peterson gerði og kom út í endanlegri gerð undir heitinu *The Message* árið 2002.<sup>34</sup> Um er að ræða endursögn þar sem texti Biblíunnar er færður til nútímamáls. Í viðtali við tímaritið *Rolling Stone* árið 2001 var Bono spurður að því hvaða bækur hann hefði lesið nýlega og þá minnst hann á Nýja testamentið í þessari útgáfu Biblíunnar og mælir með henni.<sup>35</sup> Hann hefur jafnframt greint frá því að hann hafi lesið úr henni fyrir föður sinn þegar hann lá banaleguna.<sup>36</sup> Tilvitnunin í Davíðssálm 116 hljóðar svona í útgáfu Peterson:

What can I give back to God  
for the blessings he's poured out on me?  
I'll lift high the cup of salvation — a toast to God!  
I'll pray in the name of God;  
I'll complete what I promised God I'd do,  
and I'll do it together with his people.<sup>37</sup>

Í íslensku Biblíunni frá 2007 hljóðar textinn svo:

Hvað á ég að gjalda Drottni  
fyrir allar velgjörðir hans við mig?  
Ég lyfti bikar hjálpraðisins  
og ákalla nafn Drottins.  
Ég greiði heit mín  
og það í auglýsningu alls lýðs hans.

Það er augljóst vitni um áhrif Davíðssálma á Bono að hann skuli krjúpa á sviðið frammi fyrir tugþúsundum áheyrenda og fara með þessi orð Davíðssálmsins og tengja hugsun þeirra við ranglæti í samfélaginu og ástandið í mörgum Afríkulöndum og ábyrgð okkar á að bregðast við því. Texti sálmsins, trú og félagsleg ábyrgð fléttast hér saman.

### Áhrif Davíðssálma í textum Bonos

Til að kanna nánar með hvaða hætti áhrif Davíðssálma birtast í textum Bonos verða nokkur dæmi tekin til skoðunar og leitast við að setja þau í samhengi við túlkunar-

<sup>32</sup> Niall Stokes, *Into the Heart. The Stories Behind Every Song*, London: Carlton Books, 2002, bls. 62–63.

<sup>33</sup> Sjá t.d. U2 *Where the Streets Have No Name, Elevation Tour, Life in Boston 2001*, sótt 15. apríl 2014 af <http://www.youtube.com/watch?v=FVKWNGSmdB8>.

<sup>34</sup> Eugene H. Peterson, *The Message: The Bible in Contemporary Language*, Colorado Springs: NavPress, 2002.

<sup>35</sup> Anthony Bozza, „Fighting the good fight, in the name of love and rock and roll,“ *Rolling Stone Magazine*, November 19, 2001, sótt 27. febrúar 2014 af <http://www.atu2.com/news/people-of-the-year-bono.html>.

<sup>36</sup> Scott Calhoun, „Bono's Prophetic Vox: The Message Author Says U2's Message is Refreshing, Faithful, and Honest“, @U2, 2006, sótt 27. febrúar 2014 af <http://www.atu2.com/news/bonos-prophetic-vox.html>.

<sup>37</sup> Sótt 27. febrúar 2014 af <http://www.biblegateway.com/passage/?search=Psalm+116&version=MSG>.

aðstæður hans eftir því sem við á. Elsta dæmið af plötum U2 er texti lagsins *Gloria* sem er að finna á plötunni *October* frá árinu 1981. Textinn er í senn lofsöngur og ákall til Guðs um að hann gefi kraftinn sem þarf til að standa upp og syngja lofsönginn og leysi haft tungunnar svo söngurinn geti hljómað. Loks er svo heit um að gefa Drottni allt í eins konar lofgjörðarförn. Í textanum enduróma stef úr Davíðssálmum og hefur m.a. verið bent á Slm 51.17 í því sambandi<sup>38</sup> þar sem segir: „Drottinn, opna varir mínar að munnur minn kunngjóri lof þitt.“ Texti lagsins er svohljóðandi:

I try to sing this song  
I, I try to stand up  
But I can't find my feet.  
I, I try to speak up  
But only in you I'm complete.

Gloria In te domine  
Gloria Exultate  
Gloria  
Gloria  
Oh, Lord, loosen my lips.

I try to sing this song  
I, I try to get in  
But I can't find the door  
The door is open  
You're standing there, you let me in.

Gloria In te domine  
Gloria Exultate  
Oh, Lord, if I had anything, anything at all  
I'd give it to you.

Gloria In te domine  
Gloria  
Gloria<sup>39</sup>

Bygging textans er áhugaverð og minnir á þakkarsálma Saltarans. Þeir einkennast af því að þar er björgun eða frelsun er lýst, síðan er Drottinn lofaður fyrir miskunn og hjálp og loks er gefið fyrirheit um fórnargjafir.<sup>40</sup> Sálmur 116 sem áður er nefndur, og Bono vísaði til í bænagjörð sinni á *Elevation*-tónleikunum, er einmitt sálmur af þessum toga þar sem sálmaskáldið flytur Guði þakkargjörð í áheyrn safnaðarins eftir að bæn hans um frelsun úr nauðum hefur verið heyrd og hann greiðir Drottni síðan heit og færir honum þakkarförn. Í texta lagsins *Gloria* finnur Bono til veikleika síns þegar hann reynir að rísa upp og syngja Drottni lof fyrir hjálpraði hans og sér um leið að allt er undir Guði komið. Það vekur lofsönginn og hann gefur Drottni heit um að færa honum allt, jafnvel þótt hann hafi ekkert fram að færa.

<sup>38</sup> Bill Goodman, „Assured Lament“, 2012, bls. 112.

<sup>39</sup> *Gloria*, sótt 5. mars 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/50/>.

<sup>40</sup> Bernhard W. Anderson, *The Living World of The Old Testament*, (Forth Edition), Essex: Longman, 1988, bls. 556–557.

Svipaðar áherslur er að finna í texta lagsins „40“ sem áður hefur verið minnst á og byggir á Sálmi 40. Þar er fjallað um frelsun eða björgun Drottins og hvernig hún kallar fram nýjan söng, lofsöng um Guð. Texti U2 byggir nánast orðrétt á upphafsversum sálmsins:

Stöðugt vonaði ég á Drottin  
og hann laut niður að mér  
og heyrði ákall mitt.  
Hann dró mig upp úr glötunargröfinni,  
upp úr fúafeni,  
veitti mér fótfestu á kletti  
og gerði mig styrkan í gangi.  
Hann lagði mér ný ljóð í munn,  
lofsöng til Guðs vors.  
Margir sjá það og óttast  
og treysta Drottni.

(Slm 40.2–4)

Í útgáfu U2 hljómar hann svo:

I waited patiently for the Lord  
He inclined and heard my cry  
He brought me up out of the pit  
Out of the miry clay.

I will sing, sing a new song  
I will sing, sing a new song.  
How long to sing this song  
How long to sing this song  
How long, how long, how long  
How long to sing this song.  
He set my feet upon a rock  
And made my footsteps firm  
Many will see  
Many will see and hear.

I will sing, sing a new song  
I will sing, sing a new song.

How long to sing this song  
How long to sing this song  
How long, how long, how long  
How long to sing this song.<sup>41</sup>

Viðlagið vekur athygli og endurspeglar túlkunaraðstæður Bonos og U2. Það er samsett úr hugsun sálmsins um ný ljóð sem Guð leggur í munn sálmaskáldsins og þeirri óþreyju eða vonleysi sem birtist í sumum harmljóðum Saltarans, þ.e. orðunum „Hversu lengi?“ (sjá t.d. Slm 6.4 og 89.47) eða „Hve lengi?“ (sjá t.d. Slm 13.2–3). Þrátt fyrir þá björgun og náð

<sup>41</sup> 40, sótt 5. mars 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/2/>.



sem Bono sér í Sálmi 40, samkvæmt formála hans að Davíðssálmaútgáfu Canongate Books, er óþreyjan eftir því að Guð grípi inn í óbærilegar aðstæður ofin inn í hugsun Davíðssálmsins í texta U2. „Ég mun syngja, syngja nýjan söng.“ — „Hve lengi þarf ég að syngja þennan söng?“

Það kallast á við annan texta á plötunni *War*, þ.e. lagið *Sunday, Bloody Sunday*. Í texta þess minnst Bono sunnudagsins 30. janúar árið 1972 þegar breski herinn barði niður mótmæli á Írlandi af mikilli hörku með þeim afleiðingum að 13 manns létust. Textinn fjallar þó um miklu meira og beinist gegn hvers kyns ofbeldi og tilgangsleysi þess. Í niðurlagi textans er vísað í sigur Jesú Krists yfir hinu illa í upprisunni. Baráttan sé rétt byrjuð, sú að gera tilkall til sigursins sem Jesús vann. Ástandið í heiminum bendir aftur á móti til þess að það sé langt í land. Því spyr Bono í textanum með vísan í Salm 6 og 89: „How long, how long must we sing this song?“<sup>42</sup>

I can't believe the news today  
I can't close my eyes and make it go away.  
How long, how long must we sing this song?  
How long, how long?  
'Cos tonight  
We can be as one, tonight.

Broken bottles under children's feet  
Bodies strewn across the dead-end street.  
But I won't heed the battle call  
It puts my back up, puts my back up against the wall.

Sunday, bloody Sunday  
Sunday, bloody Sunday  
Oh, let's go.

And the battle's just begun  
There's many lost, but tell me who has won?  
The trenches dug within our hearts  
And mothers, children, brothers, sisters  
Torn apart.

Sunday, bloody Sunday  
Sunday, bloody Sunday.

How long, how long must we sing this song?  
How long, how long?  
'Cos tonight  
We can be as one, tonight  
Sunday, bloody Sunday  
Sunday, bloody Sunday.

Wipe the tears from your eyes  
Wipe your tears away  
I'll wipe your tears away  
I'll wipe your tears away

---

<sup>42</sup> *Sunday, Bloody Sunday*, sótt 5. mars 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/127>.

I'll wipe your bloodshot eyes  
Sunday, bloody Sunday  
Sunday, bloody Sunday.

And it's true we are immune  
When fact is fiction and TV reality  
And today the millions cry  
We eat and drink while tomorrow they die.

The real battle just begun  
To claim the victory Jesus won

On...  
Sunday, bloody Sunday  
Sunday, bloody Sunday...

Í textanum er ekki tekin afstaða til ólíkra fylkinga heldur er tekin afstaða gegn ofbeldi og stríði. Textinn er því í samhljómi við þá krossferð sem U2 lagði upp í snemma á ferli sínum, þ.e. að berjast gegn öllu hatri, vonleysi, ranglæti, kúgun og ófriði, meðal annars með boðskap Biblíunnar að vopni. Bono hefur sagt að hann aðhyllist róttæka hlið kristninnar, að sá Jesús, sem hann trúir á, sé sá sem velti um borðum víxlaranna í musterinu og rak út sölumennina. Að hans mati er kristindómur, sem ekki er skuldbundinn baráttunni fyrir félagslegu réttlæti, innantómur.<sup>43</sup> Um leið verða spurningar um ranglætið, bölið og þjáninguna í veröldinni knýjandi og af hverju Guð grípi ekki inn í.

Á plötunni *Rattle and Hum* frá 1989 er enn eitt dæmi um texta sem vísar í Davíðssálma. Þar er um að ræða lag sem samið er og flutt í samvinnu við Bob Dylan en hann er líkt og Bono þekktur fyrir biblíuvísanir í textum sínum.<sup>44</sup> Lagið heitir *Love rescue me* og er textinn bæn eða ákall til kærleikans um frelsun. Hér má benda á að orðið kærleikur (love) stendur gjarnan fyrir Guð í textum Bonos. Í texta lagsins er meðal annars vísað í orðin í 23. Davíðssálmi: „Jafnvel þótt ég fari um dimman dal, óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér, sproti þinn og stafur hugga mig.“ En það er ekki gert á hefðbundinn hátt heldur er snúið upp á textann og þar talar sá sem hefur gengið svo langt að fyrirvísa sprota hirðisins og bölvu staf hans og finnur því ekki lengur huggun. Textinn verður þannig harmþrungin bæn þess sem virðist hafa brotið allar brýr að baki sér og finnur ekkert sér til björgunar nema kærleika Guðs.

Love rescue me  
Come forth and speak to me  
Raise me up  
And don't let me fall.  
No man is my enemy  
My own hands imprison me.  
Love rescue me.

Many strangers have I met  
On the road to my regret

<sup>43</sup> David Breskin, „Bono: The Rolling Stone Interview“, *Rolling Stone Magazine*, October 8, 1987, sótt 5. mars 2014 af <http://u2.interviews.tripod.com/id41.html>.

<sup>44</sup> Sjá t.d. Michael J. Gilmour, *Tangled Up in the Bible. Bob Dylan and Scripture*, London, New York: The Continuum International Publishing Group, 2004.

Many lost who seek to find themselves in me.  
They ask me to reveal  
The very thoughts they would conceal.  
Love, rescue me.

And the sun in the sky  
Makes a shadow of you and I  
Stretching out as the sun sinks in the sea.  
I'm here without a name  
In the palace of my shame  
I said, love, rescue me.

In the cold mirror of a glass  
I see my reflection pass  
I see the dark shades of what I used to be.  
I see the purple of her eyes  
The scarlet of my lies.  
Love, rescue me.

Yeah, though I walk  
In the valley of the shadow  
Yet, I will fear no evil.  
I have cursed thy rod and staff  
They no longer comfort me.  
Love, rescue me.

Sha la la la etc.  
I said love, love, rescue me.

Yeah, I'm here without a name  
In the palace of my shame  
I said love, rescue me.

I've conquered my past  
The future is here at last  
I stand at the entrance to a new world I can see.  
The ruins to the right of me  
Will soon have lost sight of me.  
Love, rescue me.<sup>45</sup>

Síðasta dæmið sem hér verður skoðað um texta Bonos sem vísa til Davíðssálmanna er lokalagið á plötunni *How to Dismantle an Atomic Bomb* frá 2004. Titill lagsins er sóttur til nafns Guðs í Gamla testamentinu, *Yahweh*. Það ávarp minnir á Davíðssálmana. Bono hefur tekið það fram í viðtölum að þrátt fyrir að hann geri sér grein fyrir viðkvæmni gyðinga gagnvart því að nota nafn Guðs, hafi hann viljað nota það og vonast til að hafa ekki misboðið neinum.<sup>46</sup> Viðlagið minnir jafnframt á stef úr harmljóðum Davíðssálmanna þar sem höfundur veltir fyrir sér hvers vegna þjáning komi alltaf á undan fæðingu barns

<sup>45</sup> *Love rescue me*, sótt 5. mars 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/82/>.

<sup>46</sup> Bono et al., *U2 by U2*, bls. 329; Paul Rees, „Riders on the Storm“, Q Magazine 2/2004, sótt 30. október 2014 á <http://u2.interviews.tripod.com/id171.html>.

og myrkrið á undan döguninni. En líkt og í flestum harmljóðanna blasir svartnættið ekki við eitt heldur einnig von um lausn eða björgun. Í texta lagsins *Yahweh* bíður höfundur dögunar og vonin er fólgin í því að sólin komi upp. Textinn er að örðu leyti persónuleg iðrunarbæn eða játning þar sem Guð er ávarpaður og beðinn um að taka allt það sem úr lagi er gengið, eða er ekki eins og það á að vera, og færa það í lag.

Take these shoes  
Click clacking down some dead end street  
Take these shoes  
And make them fit.  
Take this shirt  
Polyester white trash made in nowhere  
Take this shirt  
And make it clean, clean.  
Take this soul  
Stranded in some skin and bones  
Take this soul  
And make it sing.

Yahweh, Yahweh  
Always pain before a child is born  
Yahweh, Yahweh  
Still I'm waiting for the dawn.

Take these hands  
Teach them what to carry  
Take these hands  
Don't make a fist.  
Take this mouth  
So quick to criticise  
Take this mouth  
Give it a kiss.

Yahweh, Yahweh  
Always pain before a child is born  
Yahewh, Yahweh  
Still I'm waiting for the dawn.

Still waiting for the dawn, the sun is coming up  
The sun is coming up on the ocean  
This love is like a drop in the ocean  
This love is like a drop in the ocean.

Yahweh, Yahweh  
Always pain before a child is born  
Yahweh, tell me now  
Why the dark before the dawn?

Take this city  
A city should be shining on a hill  
Take this city

If it be your will  
What no man can own, no man can take.  
Take this heart  
Take this heart  
Take this heart  
And make it break.<sup>47</sup>

Niðurlagsorðin eru athyglisverð þar sem höfundur biður Guð að taka hjarta sitt og gera það sundurkramið. Bent hefur verið á að texti Bonos eigi sér hliðstæðu í Sálmi 51.<sup>48</sup> Í þeim sálmi, sem flokkast sem iðrunarsálmur, biður sálmaskáldið Guð að skapa í sér hreint hjarta (v. 12) og jafnframt talar það um að Guði þekkar fórnir séu sundurmarið og sundurkramið hjarta (v. 19). Þetta kallast á við bæn Bonos um að Guð taki skyrtuna og geri hana hreina og hjartað og geri það sundurkramið („make it break“). Í texta á nýjustu plötu U2, *Songs of Innocence*, sem kom út í ár, kemur þetta stef fyrir í texta lagsins *Cedarwood Road*. Honum lýkur á orðunum: „A heart that is broken is a heart that is open.“<sup>49</sup> Í þeim texta vísar Bono til uppvaxtaráranna á Cedarwood Road í Dublin og rifjar upp átökin og spennuástandið sem þar ríkti, óttann og sársaukann sem það skapaði og heimskulegt stoltið sem ekkert gaf eftir. Um leið fjallar textinn um gildi vináttunnar.<sup>50</sup> Hugsunin um hið sundurkramda og opna hjarta tengist því áhrifum frá þeim aðstæðum sem Bono ólst upp við.

Af ofansögðu er ljóst að hjálparleysi mannsins gagnvart hremmingum lífsins og því sem úr lagi er gengið er rauður þráður í þessum textum Bonos. Þeir enduróma glímuna við þá spurningu hvers vegna Guð grípi ekki inn í erfiðar aðstæður og bjargi um leið og þeir fela í sér iðrun og bæn þess sem ekkert á sér til björgunar nema náð Guðs. Í þeim textum Bonos, sem eru undir áhrifum frá Davíðssálmum, kallast því á stef úr harmljóðum Davíðssámanna sem oft lýsa örvæntingu andspænis böli og nauðum og stef úr lofgjörðar- og þakkarsálmunum þar sem óverðskulduð frelsun úr nauðum er viðfangsefnið. Þessi stef eru síðan tengd eigin ábyrgð og köllun til baráttu fyrir friði og réttlæti.

## Eigin harmljóð

Þegar textar Bonos eru skoðaðir kemur í ljós að óþreyjan eftir endurlausn og betri heimi fer vaxandi, einkum þegar líða tók að lokum síðustu aldar. Ástandið í heiminum breyttist lítið, baráttan fyrir friði og réttlæti virtist skila litlum árangri og biðin eftir guðsríkinu dregst á langinn. Texti lagsins *I Still Haven't Found What I'm Looking For*<sup>51</sup> af plötunni *The Joshua Tree* frá árinu 1987 endurspeglar þetta vel. Þar er m.a. talað um trúna á komu guðsríkisins og biðina eftir því og um hann sem braut hlekkina, bar krossinn og skömmina. Játning trúar fylgir („You know I believe it“) en síðan kemur viðlagið: „But I still haven't found what I'm looking for.“ Efinn og glíman í textanum lýsir þannig þrá eftir því hvenær við fáum að sjá guðsríkið verða að veruleika. Á máli guðfræðinnar væri sagt að textinn sé „eskatológískur“. Hann fjallar um trúna á guðsríkið sem er þegar raunveruleiki

<sup>47</sup> *Yabweb*, sótt 30. október 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/176/>.

<sup>48</sup> Bill Goodman, „Assured Lament“, bls. 126.

<sup>49</sup> Sjá *Cedarwood road*, sótt 30. október 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/596/>.

<sup>50</sup> Textinn er tileinkaður Guggi, einum af bestu vinum Bonos frá æskuárum. Nánar um Guggi, sjá t.d. Michka Assayas, *Bono on Bono*, bls. 10.

<sup>51</sup> *I Still Haven't Found What I'm Looking For*, sótt 6. mars 2014, af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/62/>.

vegna þess sem Jesús gerði en lýsir um leið biðinni og þránni eftir að sjá sigur þess ná fram að ganga.

Svo virðist sem þessi óþreyja vaxi með hverri plötu U2 undir lok síðustu aldar og kaldhæðin glíman við efan verður áberandi. Bono semur jafnvel sín eigin harmljóð sem birtust annars vegar á plötunni *Pop* sem kom út árið 1997 og hins vegar plötunni *All that you can't leave behind*, frá árinu 2000.

Platan *Pop* er þverstæðukennd. Titill hennar og öll umgjörð er lýsandi fyrir allt það sem er yfirborðslegt í menningunni. Á sama tíma inniheldur hún texta sem taka fyrir öll stóru og erfiðu málefni, svo sem Guð, trú, ást, þrá, angist, efa, mannleg samskipti og hlutskipti fólks í hreldum heimi. Trúin á Guð og glíman við efan er áberandi á *Pop*. Sömu leiðis þráin eftir friði og sátt í veröldinni. Kærleikurinn er bæði torveldur og erfiður og oft eitthvað allt annað en við hugsum okkur og því tekst seint að koma á friði (sjá texta lagsins *Please*<sup>52</sup>). Guð er vissulega góður en hlustar hann á bænir um frið og sátt í heiminum (sjá textann *Staring at the Sun*<sup>53</sup>)? Og hvað myndum við gera ef Guð tæki nú upp á því að senda okkur engil eða tákni? Við, sem höfum gert Jesú að söluvöru og afneitað trúnni, voninni og kærleikanum, þykjumst tendra á jólatrénu í kærleika en í hræsni okkar og yfirborðsmennsku sprengjum við örygginn (sjá textann *If God Will Send His Angels*<sup>54</sup>). Bono hefur lýst þessari plötu sem eins konar uppgjöri við Guð, sem heiðarlegri rökræðu við Guð í anda Sálmannna,<sup>55</sup> og að platan hefði allt eins getað fengið nafnið „Shouting at God“.<sup>56</sup>

Athyglisverðasti textinn á plötunni er án efa texti loka lagsins, *Wake Up Dead Man*. Þar nær trúarglíman hámarki. Um er að ræða harmljóð í anda Davíðssálmannna, gremjufulla bæn eða harmþrungið hróp til Guðs sem virðist hulinn í vondum heimi og ætlar seint að grípa inn í. Höfundurinn glímir við þá spurningu hvar Guð eða Jesús Kristur sé þegar áföllin dynja yfir og við skiljum ekki neitt. Bono hefur sjálfur sagt um þennan texta: „Nú er komið að lokum þeirrar aldar þegar Guð átti að vera dauður. Fólk langar til að trúa en það er reitt. Ef Guð er ekki dauður þá brenna á okkur ýmsar spurningar sem við viljum spyrja hann.“<sup>57</sup> Svo virðist sem Bono hafi í huga orð þýska heimspekingsins Friedrichs Nietzsche um dauða Guðs. Þar átti Nietzsche reyndar við að guðstrúin, sem verið hefði forsenda ríkjandi lífsviðhorfs, væri ekki lengur fyrir hendi. Því þurfi annan grundvöll að lífshugsjón mannkyns en frumspekilegar vangaveltur um annað líf.<sup>58</sup>

Texti Bonos er kaldhæðinn og endurspeglar vonleysi í heimi sem virðist í algjöru klúðri. Sú reynsla og þær tilfinningar, sem textinn lýsir, eru sameign þeirra sem hafa þurft að glíma við Guð andspænis áföllum lífsins og þeirri staðreynd að veruleikinn er kaldur og hrjúfur og illskan og hremmingarnar leika lausum hala. Textinn endurómar þannig spurningar sem brenna á fólki: Hvar er Guð, hann sem skapaði heiminn á sjö dögum, í slíkum aðstæðum? Af hverju leyfir hann bölg og þjáningu? Er hann ef til vill upptekinn við eitthvað annað en að hindra áföll og sinna hrjáðum? Bæn Bonos er: „Jesús, Jesús, hjálpa

<sup>52</sup> *Please*, sótt 10. mars 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/105/>.

<sup>53</sup> *Staring At The Sun*, sótt 10. mars 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/122/>.

<sup>54</sup> *If God Will Send His Angels*, sótt 10. mars 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/66/>.

<sup>55</sup> Greg Garrett, *We Get to Carry Each Other*, bls. 8.

<sup>56</sup> Bono et al., *U2 by U2*, bls. 266.

<sup>57</sup> Niall Stokes, *Into the Heart*, 2001, bls. 139.

<sup>58</sup> Sjá nánar Friedrich Nietzsche, *Svo mátti Zarafústra*. Íslensk þýðing eftir Jón Árna Jónsson. Sigríður Þorgeirsdóttir ritaði inngang. Reykjavík: Heimspekistofnun, Háskólaútgáfan, 1996; Arthur Björgvin Bollason, „Inngangur“, í *Handan góðs og ills. Forleikur að heimspeki*, eftir Friedrich Nietzsche, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1994, bls. 48–50; Róbert Haraldsson, „Hlæjandi guðir og helgir menn. Dauði Guðs í verkum Nietzches“, *Skírnir*, 173/1999, bls. 337–360.

þú mér. Ég er einn í þessum heimi sem er auk þess eitt allsherjar klúður. Segðu mér söguna af eilífðinni, af því hvernig allt muni verða.“ Hann heldur áfram og segist vita að Jesús líti eftir okkur en veltir því fyrir sér hvort hendur hans séu bundnar. Síðan biður hann Jesú að tala máli sínu frammi fyrir föðurnum sem fer með völdin á himni en hverfur svo aftur að heimi óreiðunnar og þjáningarinnar í lokin og spyr hvort hægt sé að spóla til baka.

Jesus, Jesus help me  
I'm alone in this world  
And a fucked-up world it is too.

Tell me, tell me the story  
The one about eternity  
And the way it's all gonna be.

Wake up, wake up dead man  
Wake up, wake up dead man.

Jesus, I'm waiting here, boss  
I know you're looking out for us  
But maybe your hands aren't free.

Your Father, He made the world in seven  
He's in charge of heaven.  
Will you put a word in for me?

Wake up, wake up dead man  
Wake up, wake up dead man.

Listen to the words they'll tell you what to do  
Listen over the rhythm that's confusing you  
Listen to the reed in the saxophone  
Listen over the hum of the radio  
Listen over the sound of blades in rotation  
Listen through the traffic and circulation  
Listen as hope and peace try to rhyme  
Listen over marching bands playing out their time.

Wake up, wake up dead man  
Wake up, wake up dead man.

Jesus, were you just around the corner?  
Did you think to try and warn her?  
Were you working on something new?  
If there's an order in all of this disorder  
Is it like a tape recorder?  
Can we rewind it just once more?

Wake up, wake up dead man.  
Wake up, wake up dead man.<sup>59</sup>

Í viðlaginu, *Wake up, wake up dead man*, daðrar Bono við þá hugsun að Nietzsche kynni að hafa haft rétt fyrir sér er hann hélt því fram að Guð væri dauður. En „Wake up, wake up dead man“ er þó miklu fremur örventingarfullt ákall eða áskorun til Guðs eða Jesú Krists

---

<sup>59</sup> *Wake Up, Dead Man*, sótt 10. mars 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/162/>.

um að rísa nú upp og opinbera sig í heimi óreiðunnar og þjáningarinnar og svara áleitnum spurningum.

Hér minnir orðalagið í texta Bonos óneitanlega á sum harmljóð Saltarans þar sem Guð er ákallaður og beðinn að vakna eða rísa upp og grípa inn í aðstæður biðjandans. Gott dæmi er í 44. Davíðssálmi:

Vakna! Hví sefur þú, Drottinn?  
Rís upp, útskúfa oss eigi um aldur!  
Hví hylur þú auglit þitt,  
gleymir neyð vorri og þrengingu?  
Sál vor er beygð í duftið,  
líkaminn loðir við jörðu.  
Rís upp, veit oss lið,  
frelsa oss sakir miskunnar þinnar (v. 24–27).

Hitt harmljóð Bonos, sem má nefna í þessu sambandi, er textinn *Peace on Earth* af plötunni *All that you can't leave behind*, frá árinu 2000. Textinn á sér rætur í ástandinu á Norður-Írlandi, eins og fleiri textar U2, sbr. áður nefnda texta, *Sunday, Bloody Sunday* af plötunni *War* og *Please* af plötunni *Pop*. Í öllum textum Bonos sem tengjast ástandinu á Norður-Írlandi og öðrum sem fjalla um ófrið og stríð endurspeglast djúp þrá eftir friði. Að baki lagsins *Peace on Earth* býr bitur reynsla af tilraunum til að koma á friði. Á föstudaginn langa árið 1998 voru gerðir sögulegir samningar á Norður-Írlandi sem áttu að vísa veginn að friði. U2 tók þátt í baráttu fyrir því að þeir yrðu samþykktir í atkvæðagreiðslu og svo fór að samkomulagið var samþykkt og margir vonuðu að friðurinn fengi nú loks brautargengi. Sú von varð að engu þegar hópur sem kallaði sig „The Real IRA“ sprengdi sprengju í bænum Omagh 15. ágúst 1998. Þetta varð einn af blóðugustu dögum í sögu ófriðarins á Norður-Írlandi því 29 manns fórust og tugir slösuðust. *Peace on Earth* er viðbrögð við þessum atburði og sagt er að Bono hafi samið hann að mestu að kvöldi dagsins sem sprengjan sprakk.<sup>60</sup> Hann lýsir örvæntingu gagnvart þeirri skelfingu sem átt hafði sér stað og vísar jafnframt til orða englanna í jólaguðspjallinu: „Dýrð sé Guði í upphæðum og friður á jörðu og velþóknun Guðs yfir mönnum“ (Lk 2.14). Angistin er augljós og höfundurinn er búinn að fá nóg af sorg og þjáningu og finnst gagnslaust að heyra aftur og aftur orð jólaguðspjallsins um frið á jörð. Biturð og vonleysi skín í gegn og síðar í textanum beinist hugurinn að Jesú Kristi í bæn sem þó er full efasemda. Kristur virðist hulinn og Bono veltir fyrir sér hvort hann hafi tíma til að kasta björgunarlínu til drukknandi manns. Textanum lýkur síðan á myrkum nótum. Boðskapur guðspjallsins um frið á jörð situr fastur í hálsi höfundarins. Bono viðurkennir að það hafi verið erfitt að trúna um jólin þetta árið: „Þessi jól var allt þetta tal „friður á jörðu og velþóknun Guðs yfir mönnum“ rammfalskur tónn.“<sup>61</sup> Sagan með sínum hryllilegu atburðum stendur í gegn voninni og hann spyr hvers virði friðurinn sé.

Heaven on Earth  
We need it now  
I'm sick of all of this  
Hanging around

<sup>60</sup> Níall Stokes, *Into the Heart*, 2001, bls. 156–157.

<sup>61</sup> Sama rit, bls. 157.



Sick of sorrow  
Sick of pain  
Sick of hearing again and again  
That there's gonna be

Peace on Earth  
Where I grew up  
There weren't many trees  
Where there was we'd tear them down  
And use them on our enemies  
They say that what you mock  
Will surely overtake you  
And you become a monster  
So the monster will not break you

It's already gone too far  
Who said that if you go in hard  
You won't get hurt

Jesus could you take the time  
To throw a drowning man a line  
Peace on Earth  
Tell the ones who hear no sound  
Whose sons are living in the ground  
Peace on Earth  
No whos or whys  
No-one cries like a mother cries  
For peace on Earth  
She never got to say goodbye  
To see the colour in his eyes  
Now he's in the dirt  
Peace on Earth

They're reading names out over the radio  
All the folks the rest of us won't get to know  
Sean and Julia, Gareth, Ann and Breda  
Their lives are bigger, than any big idea

Jesus can you take the time  
To throw a drowning man a line  
Peace on Earth  
To tell the ones who hear no sound  
Whose sons are living in the ground  
Peace on Earth

Jesus this song you wrote  
The words are sticking in my throat  
Peace on Earth  
Hear it every Christmas time  
But hope and history won't rhyme  
So what's it worth?

This peace on Earth

Peace on Earth

Peace on Earth <sup>62</sup>

Textinn er harmljóð en hér er samsvörunin við harmljóð Davíðssálmana ekki fólgin í beinum tilvísunum til þeirra, heldur í forminu og umfjöllunarefninu. Um er að ræða harmljóð sem lýsir angist, efa og gremju andspænis ofbeldi og hremmingum en er um leið ákall um frið og himnaríki á jörð.

## Niðurstöður

Af viðtölum og skrifum Bonos er ljóst að biblíusögur höfðu áhrif á hann í uppvextinum. Davíð og Davíðssálmar heilluðu hann snemma og samsömunin við Davíð sem „stórstjörnu“ er áberandi. Þegar fram líða stundir túlkar hann efni sálmana í ljósi þeirra aðstæðna sem hann elst upp við, þ.e. spennu og ófriðarástand á Írlandi, sem verða þær túlkunaradstæður sem hafa áhrif á skilning hans á Davíðssálmunum. Harmljóð og sálmar sem lýsa björgun eða frelsun úr nauðum virðast þar af leiðandi verða honum hugleiknastir úr Saltaranum og hafa mest áhrif á hann. Það endurspeglast vel í þeim vísunum til Davíðssálma sem birtast í textum hans. Hann tengir efni þessara sálma við baráttu sína og félaga sinna í U2 fyrir friði og réttlæti í heiminum og lítur svo á að trúin á Guð kalli fólk til ábyrgðar. Kristín trú á að leiða af sér skuldbindingu við baráttu fyrir félagslegu réttlæti og friði. Glíman við efann og óþreyja eftir að baráttan beri árangur fer jafnframt vaxandi þegar fram líða stundir og nær hámarki í eigin harmljóðum Bonos þar sem hann yrkir í anda harmljóða Saltarans. Stef og tónar úr Saltaranum fá því endurnýjaðan hljóm í kveðskap rokkröngvara og réttindabaráttumanns sem talar inn í aðstæður samtímans.

Í kveðskap Bonos má því sjá samruna ólíkra sjóndeildarhringa, svo vísað sé til túlkunarheimspeki Gadamers. Í fyrsta lagi er um að ræða sögur Biblíunnar af Davíð og sálma í Saltaranum sem túlkunarhefðin tengir við sögurnar af honum. Bono kynnist þeim á uppvaxtarárunum og hrífst af þeim. Í öðru lagi verður harmurinn, treginn, blúsinn, smám saman ofan á í túlkun Bonos. Þar ráða túlkunaradstæðurnar mestu, þ.e. ástandið á Írlandi, einkum Norður-Írlandi, þar sem spenna og ófriður ríkir og trúarbrögðin kljúfa samfélagið í tvennt. Sú staðreynd verður sá Golíat sem Bono glímur við allt frá uppvaxtarárunum og áfram og brýst út í vísunum til harmljóða Saltarans í hans eigin kveðskap, einkum þegar ástandið hefur leitt af sér ofbeldisverk sem kosta mannlíf. Í þriðja lagi yfirfærist þetta á ranglætið og ófriðinn í veröldinni sem kallar til ábyrgðar og laðar fram fyrirheit um fórnargjafir sem birtast í baráttu fyrir friði og réttlátum heimi. Kristín trú, sem ekki er skuldbundin baráttu fyrir réttlæti, er einskis virði. Í fjórða lagi, þegar björgunin eða endurlausnin dregst á langinn, magnast þráin eftir henni og glíman við efann verður jafnframt óbærileg. Guð virðist hulinn, dauður, og fólk uppsker eins og það hefur sáð með ranglæti sínu og ófriðarbrölti. Það skilur þó ekki ábyrgð sína og er reitt út í Guð. Í þeim aðstæðum brýst gremjan út um leið og vonin er sú að Guð muni þrátt fyrir allt taka að sér þá sem eiga sér enga von nema náð Guðs. Sú hugsun muni breyta veröldinni, eyða hvers konar karmalögmáli. Í fimmta lagi, í hinni „eskatólógísku“ spennu sem við lifum í, kallast lofsöngurinn, sem björgun Guðs laðar fram: „Hann lagði mér ný

<sup>62</sup> *Peace on Earth*, sótt 10. mars 2014 af <http://www.u2.com/discography/lyrics/lyric/song/104/>.

ljóð í munn“ (Slm 40.4), á við ákall harmljóðanna: „Hversu lengi, Drottinn, ætlar þú að dyljast?“ (Slm 89.47). Í þeirri spennu er maðurinn kallaður til ábyrgðar í ófullkomnum heimi.